

## Aðalfundarboð

Aðalfundur Breiðfirðingafélagsins verður haldinn í  
Breiðfirðingabúð fimmtudaginn 16. febrúar 2012

og hefst stundvíslega kl. 20:30

1. Venjuleg aðalfundarstörf

2. Önnur mál

Kaffiveitingar

## Breiðfirðingakórinn

Hin árlega stórskemmtun og dansleikur Breiðfirðingakórsins  
verður haldin laugardaginn 3. mars í Breiðfirðingabúð.

Skemmtunin hefst. Kl. 21:00, en húsið opnar kl. 20:30

Mikill söngur og happdrætti með veglegum vinningum.

Hin fjallhressa hljómsveit "**Hafrót**" leikur fyrir dansi.

Verð kr. 1500,-.

**Breiðfirðingakórinn**


## Fréttabréf

BREIÐFIRÐINGAFÉLAGSINS

Faxafen 14. 108 Reykjavík S: 581-4511

2. tbl. febr. 2012 18. árgangur

Ábyrgðarmaður Snæbjörn Kristjánsson



### Kæru félagsmenn

Þá er janúarmánuður liðinn, en hann var frekar snjóþungur miðað við síðustu ár. Senn líður að aðalfundi félagsins, en hann verður haldinn í Breiðfirðingabúð, fimmtudaginn 16. febrúar, kl 20:30. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta. Eins og ævinlega mun Félag Breiðfirkra kvenna sjá um kaffi og meðlæti. Kjörnefnd skipa þau: Hildur Óskarsdóttir, s: 8682795, Júlíus Jónsson, s: 8936535 og Margrét Jóhannsdóttir s: 8479974.

Hafið samband við eitthvert þeirra vegna framboðs til stjórnar. Starfsemi félagsins er nú í fullum gangi og gengur vel. Félagsvist er spiluð á sunnudögum og bridge á sunnudagskvöldum. Þátttaka í spilum hefur verið góð í vetur. Þrjónakaffið heldur sínu striki og er alltaf vel sótt.

Vísnaðkvöldin halda áfram og hefur aðsókn verið að aukast. Árshátíð á þorra var haldin í Breiðfirðingabúð 21. janúar og tókst mjög vel. Veislustjóri var Sigurður Jökulsson frá Vatni. Einnig voru sýndir þjóddansar. Hljómsveit Klassik lék fyrir dansi. Ég vil fyrir hönd félagsins þakka öllum, sem stóðu að árshátíðinni, fyrir frábæra skemmtun. Margt er enn á dagskrá félagsins, þar má nefna t.d. dansleik og skemmtun hjá Breiðfirðingakórnum, Páskabingó, Vorfagnað og svo að sjálfsögðu dag aldraðra, sjá nánar á næstu síðu.

Kær kveðja

Snæbjörn Kristjánsson, formaður

**Félagsvist verður spiluð eftirtalda sunnudaga:**

5. febr.	4. dagur í fjögurra daga keppni
12. febr.	Almenn keppni
19. febr.	1. dagur í fjögurra daga keppni
26. febr.	2. dagur í fjögurra daga keppni
4. mars	3. dagur í fjögurra daga keppni
11. mars	4. dagur í fjögurra daga keppni
18. mars	Almenn keppni
25. mars	1. dagur í fjögurra daga keppni
1. apríl	2. dagur í fjögurra daga keppni
15. apríl	3. dagur í fjögurra daga keppni
22. apríl	4. dagur í fjögurra daga keppni

Spilin hefjast alla dagana stundvíslega kl. 14:00

Fyrstu verðlaun kvenna og karla verða kr. 4.000,- og önnur verðlaun kr. 2.500,- auk þess fær sá sem oftast situr við sama borð svolitlar sárabætur.

Í fjögurra daga keppni eru spilaðir fjórir dagar, en þrír bestu gilda við útreikning stiga. Veitt eru heildarverðlaun að verðmæti kr. 10.000,- fyrir fyrsta sætið og kr. 5.000 fyrir annað sætið.

Sá sem verður hæstur eftir veturinn í heild mun fá sérstakan glaðning, eins konar heiðursverðlaun í vor.

Góðar kaffiveitingar eru eftir spilin. Miðaverð er kr. 1000,-.

**Vísna kvöld:**

Ragnar Ingi Aðalsteinsson mun stjórna vísna-kvæðakvöldum í Breiðfirðingabúð, þriðjudagana 7. febr., 6. mars og 3. apríl kl. 20:00. Aðgangseyrir er kr. 500 og er kaffi innifalið.

**Páskabingó:**

Páskabingó, laugardaginn 24. mars kl. 14:30 í Breiðfirðingabúð

**Bridge:**

Við Breiðfirðingar og fleiri ætlum að spila á sunnudögum í vetur eins og áður. Spilin hefjast kl. 19.00 í Breiðfirðingabúð. Ekki þarf að skrá sig heldur einungis að mæta þegar ykkur langar til. Við ætlum að vera mjög umburðalynd og því er tækifæri fyrir þá sem óvanir eru að spila bridge að koma og æfa sig. Gjaldið er kr. 700.- pr. kvöld og er kaffi innifalið í verðinu.

5. febr	Tvímeningur keppni	18. mars	Hraðsveitakeppni
12. febr	Tvímeningur keppni	25. mars	Tvímeningur
19. febr	Tvímeningur keppni	1. apríl	Barómeter páskamót
26. febr	Tvímeningur	15. apríl	Tvímeningur keppni
4. mars	Hraðsveitakeppni	22. apríl	Tvímeningur keppni
11. mars	Hraðsveitakeppni	29. apríl	Tvímeningur keppni
		06. maí	Tvímeningur /aðalfundur

**Prjónakaffi í Breiðfirðingabúð**

Prjónakaffið eftir áramót verður mánudagana 6. febr. 20. febr. 5. mars og 19. mars kl. 20:00. Upplýsingar gefa Erla í síma 898-6747, Maddý í síma 695-2425 og Sæunn í síma 864-2201. Takið með ykkur handavinnuna og/eða sjáið hvað verið er að gera. Kaffi og gos verður til sölu.

**Helstu atriði dagskrár eftir áramót:**

- 3. mars. Dansleikur og skemmtun Breiðfirðingakórsins
- 24. mars. Páskabingó, kl 14:30
- 14. apríl. Vorfagnaður frá kl. 22:00 til 02:00
- 6. maí. Dagur aldraðra, kl 14:30
- 5. júní. Gróðursetningarferð í Heiðmörk.
- 22. til 24. júní. Sumarferð félagsins.